

Mál nr. 465/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti byggir M á því að 2. ágúst 2022 hafi hann orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Hafi hann verið staddur á verkstæði X þar sem hann hafi ætlað upp á vörubílsþall til að húkka í farm en til hafi staðið að afferma þann bíl. Til þess að komast upp á pallinn hafi hann ætlað að nota 3-4 þrepa áltröppu. Þegar M hafi verið kominn upp í 3. þrep tröppunnar hafi hún gliðnað í sundur þar sem festing hafi brotnað. Við þetta hafi trappan fallið saman og M skolið í gólfíð og runnið eftir gólfinu með þeim afleiðingum að hann hafi rekið höfuðið í bita frá bílalyftu og slasast. Hafi Z, sem M segir hafi verið verkstjóri hjá X, orðið vitni að slysinu. Þá komi fram í fyrirliggjandi yfirlýsingu Z, að eftir slysið hafi hann hent umræddri áltröppu til þess að koma í veg fyrir frekari óhöpp. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Í málskoti kemur fram að M búi við varanlegar afleiðingar af völdum framangreinds slyss. Hafi örorka hans af þeim sökum verið metin 35%. Þann 22. júlí 2025 hafi V hafnað því að X bæri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

M byggir skaðabótakröfu sína á því að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað, enda sé ljóst að umrædd trappa hafi verið vanbúin og hreinlega slysaöld. Hefði því verið eðlilegt af hálfu X að kalla til Vinnueftirlitið í kjölfar slyssins svo tryggja mætti að trappan yrði rannsökuð áður en verkstjórinn fargaði henni. Á þessu verði X að bera hallann. M byggir á því að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins sbr. 79. - til 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Telur M að vanræksla vinnuveitanda á að hlutast til um rannsókn á vinnuslysinu, enda hafi það staðið honum næst að tryggja að sú rannsókn færi fram, eigi að leiða til þess að hann verði látinn bera halla af skorti á upplýsingum um atriði sem hafi áhrif á sakarmat. Vísar M til Hrd. í máli nr. 272/2008 og Lrd. í máli nr. 217/2019 því til stuðnings. Þá vísar M einnig sérstaklega til 2., 37. og 42. gr. framagreiðra laga nr. 46/1980 og tiltekinna greina í viðauka II í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. M telur því að X hafi mátt vera ljós sú slysaætta sem stafaði af áltröppunni sem hafi verið ónothæf.

Í athugasemdum V er vísað til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi M ekki tilkynnt um að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi því sem málskotið snýr að, fyrr en talsvert eftir þann tíma sem hann byggir á að sé slysdagur. X hafi því ekki haft möguleika á að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins, nokkuð sem hann hefði að sjálfsgöðu gert ef hann hefði fengið vitneskju um slysið þegar það átti sér stað. Þá kannist X ekki við að umrædd trappa hafi verið í notkun hjá X enda hafi hann verið búinn að gefa fyrirmæli um að ekki mætti nota óvottaðar tröppur. Hvað aðkomu og hlutverk Z varði þá fullyrðir X að hann hafi ekki verið verkstjóri í umrætt sinn heldur aðeins almennur starfsmaður. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á

Í viðbótarathugasemdum M er bent á að það hvort Z hafi verið verkstjóri hjá X eða ekki eigi ekki að hafa áhrif varðandi sönnun um málsatvik. Hvað varði notkun á áltröppum hjá X þá lagði M fram ljósmyndir sem hann telur sýna að slíkar tröppur hafi verið þar í notkun. Þá segist M ekki kannast við að óvottaðar áltröppur hafi verið bannaðar hjá X. Þá hafnar M því einnig að það teljist ósannað að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi hjá X, nokkuð sem hann telur að V byggi á.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Gegn neitun X verður ekki talið að M hafi tilkynnt vinnuveitanda um hið umþrætta slys fyrr en nokkru eftir að hann byggir á að það hafi átt sér stað. Nefndin fær því ekki séð að M hafi tekist að sanna að X hafi vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins sbr. 79.-81. gr. laga nr. 46/1980. Því gilda hefðbundnar sönnunarreglur í málinu. M byggir á því að hann hafi slasast 2. ágúst 2022. Engin samtímagögn liggja fyrir sem sanna þá fullyrðingu né með hvaða hætti slysið atvikaðist. Aðeins liggur fyrir yfirlýsing Z, dags. 13. desember 2022, þess efnis að M hafi slasast 2. ágúst 2022 þegar áltrappa hafi gefið sig. Ekki kemur beinlínis fram í þeirri yfirlýsingu að Z hafi orðið vitni að slysinu, aðeins að hann hafi verið að vinna með M í húsnæði X í umrætt sinn. Í yfirlýsingu Z, dags. 28. ágúst 2025, segist hann hafa ákveðið að henda áltröppunni eftir slys M þar sem hún hafi gliðnað og splittfesting hafi ekki haldið. Í fyrirliggjandi vottorði frá heilsugæslulækni, dags. 19. ágúst 2024, kemur m.a. fram að eftir ítarlega yfirferð á sjúkraskrá á viðkomandi heilsugæslu og Landspítala, sé hægt að staðfesta að engar nótur finnist um að M hafi lent í slysi 2. ágúst 2022. Einungis sé þar hægt að finna tilvísanir í slys M sem hafi átt sér stað um miðjan /lok september 2022. Hvað varðar nánari upplýsingar í frumgögnum um atvik máls þá er málsatvikum þannig lýst í tilkynningu um slys M til V, dags. 23. nóvember 2022, sem var undirrituð af lögmanni M: „Var að fara upp á pall vörubíls, en rann til og datt undir bílinn og rak höfuðið harkalega í bílalyftuna og rispaðist á fæti.” Sömu lýsingu er að finna í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga, dags. 28. nóvember 2022. Hér er ekkert minnst á að M hafi verið að nota áltröppu. Þá hefur áður komið fram að X kannast ekki við að umrædd áltrappa hafi verið í notkun á vinnustaðnum auk þess sem starfsmönnum hafi átt að vera kunnugt um að óheimilt væri að nota óvottaðar áltröppur.

Með vísan í allt framangreint hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að tjón hans vegna hins meinta slyss 2. ágúst 2022 verði rakið til athafna eða athafnaleysis sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir